7. bekkur íslenska kennsluáætlun 2019-2020 eftir áramót

Kennarar: **Sigurlaug Guðjónsdóttir** 7

Markmið - Hvað ætlum við að læra?

Markmiðum í íslensku er skipt í fjóra flokka, talað mál og hlustun, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Innan þeirra eru mörg markmið sem skarast eða fléttast saman. Til dæmis eru mikil tengsl á milli náms í lestri og ritun. Bókmennta- og lestrarmarkmið tengjast saman meðal annars til að vekja athygli á mikilvægi þess að nemendur verði læsir á eigin menningu og annarra. Að þessum markmiðum verður unnið.

Námsefni - Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

Orðspor 3, grunnbók og vinnubók Málrækt 3 Smellur 1-3 Ýmis ljóð, Ýmsar lestrarbækur Annað efni frá kennara

Kennsluaðferðir - Hvernig vinnum við í kennslustundum?

Innlagnir Lestur Verkefnavinna Námsumhverfið Google Classroom Vinnubókarvinna Ritun Hlustun Einstaklingsvinna Paravinna/Hópavinna

Námsmat - Hvað og hvernig nám og vinna metin?

Metið er út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámskrá grunnskóla, Lesfimipróf MMS tekin í janúar og maí. Símat jafnt og þétt yfir veturinn

GF íslenska 7.bekkur - Talað mál, hlustun og áhorf

- Tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar.
- Hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum.
- Tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyrenda, m.a. með aðstoð leikrænnar tjáningar.
- Átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi.
- Tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum.

GF íslenska 7.bekkur - Lestur og bókmenntir

- Lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi,lagt mat á hann og túlkað.
- Lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann.
- Beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap.
- Lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð, og bókmenntir ætlaðar börnum og unglingum.
- Aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna, lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika upplýsinga.
- Valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju.
- Greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning, svo sem tíma, sjónarhorni, sögusviði og boðskap.

GF íslenska 7.bekkur - Ritun

- Skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur.
- Beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim.
- Skrifað texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu, vísað til heimilda, skrifað texta með ákveðinn lesanda í huga, á blað eða tölvu.
- Samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa.

GF íslenska 7.bekkur - Málfræði

- Gert sér nokkra grein fyrir eigin máli og hefur skilning á gildi þess að bæta það.
- Áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra.
- Notað allríkulegan orðaforða í ræðu og riti, gert sér grein fyrir margræðni orða og nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun, tal og ritun.
- Notað orðtök og málshætti í töluðu máli og rituðu og greint notagildi þeirra i texta.
- Nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál.
- Beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins.